

# BEKKJARSTJÓRNUN

BEKKJARSTJÓRNUN GERIST EKKI AÐ SJÁLFRI SÉR.

## HVETJA NEMENDUR

Hvetjum nemendur til náms með því að ýta undir þeirra áhugasvið og styrkleika.

## SKÝRAR VÆNTINGAR

HVERS ER ÆTLAST?

Samvinna með nemendum að setja fram skýrar og sanngjarnar væntingar til hegðunar í kennslustofunni.

## BEKKJARSTJÓRNUN

Ein stærsta áskorunin sem kennarar standa frammi fyrir er bekkjarstjórnun.

Þetta er kunnátta sem kennarar byggja upp með reynslu.

Kennarar eru stöðugt að betrubæta aðferðir sínar til að finna það sem virkar best fyrir hópinn hverju sinni.

## ÁKVEÐIN BEKKJARRÚTÍNA

Það er mikilvægt að hafa fáar og skýrar verklagsvenjur í kennslustofunni sem auðvelt er að fylgja.

## JÁKVÆÐ SAMSKIPTI

Jákvæð samskipti milli kennara og nemenda gegna lykilhlutverki þegar kemur að hegðun nemenda í kennslustofunni.

# BEKKJARSTJÓRNUN

KUNNÁTTA SEM KENNARAR BYGGJA UPP MEÐ REYNSLU.

## SAMVINNA

Góð bekkjarstjórnun getur verið samvinna milli nemenda og kennara.

Þessi samvinna gengur best í þægilegu og fjölbreyttu umhverfi, þar sem virðing og traust, væntumþykja, vinátta, áhugi, forvitni, skilningur og stuðningur ríkir.

## PRÓFA MÖRKIN

Nemendur eiga það til að prófa mörk kennara og sjá hversu langt þeir geta gengið áður en þeir verða stoppaðir af.

Þeir geta sýnt mótpróa hegðun og þurfa oft mest á umhyggju að halda á þessum tíma.

## BEKKJARSTJÓRNUN

Ein stærsta áskorunin sem margir kennarar standa frammi fyrir er bekkjarstjórnun.

Þetta er kunnátta sem kennarar byggja upp með reynslu.

Kennarar eru stöðugt að betrubæta kennsluáferðir sínar til að finna það sem virkar best fyrir hópinn hverju sinni.

## ÁRANGUR

Árangursrík bekkjastjórnun er ferli sem krefst samræmis, sveigjanleika og nemendamiðaðrar nálgunar.

## FYRIRMYNDIR

Kennarar eru fyrirmyndir. Það er mikilvægt að þeir sýni gott fordæmi, t.d. mæta á réttum tíma, sýna ábyrgð og fylgja reglum sem hópurinn setur í sameiningu.

Að auki er mikilvægt að nemendur upplifi stöðugleika og fyrirsjáanleika í hegðun kennarans.

Það getur reynst erfitt að halda ró sinni þegar nemendur eru sífellt að prófa mörkin, en þá er mikilvægast að einmitt halda ró sinni og sína stöðugleika í hegðun.

# BEKKJARSTJÓRNUN

## HVETJA NEMENDUR Á JÁKVÆÐAN HÁTT

### NEMENDUR EIGA AÐ SPYRJA FLEIRI SPURNINGA EN KENNARI

Reynið að forðast langa fyrirlestra eða innlagnir þar sem nemendur þurfa að sitja og hlusta lengi.

Skiptið upp í stutta fyrirlestra og gefið nemendum tækifæri til að spyrja spurninga, þæla og vinna með námsefnið inná milli.

Hægið á ykkur og gefið ykkur tíma til að tala, spjalla, koma með dæmi og ekki hlaupa yfir efnið.

### ÁHUGI

Virkjum nemendur til náms með því að ýta undir þeirra áhugasvið eða styrkleika.

### FJÖLBREYTT STAÐSETNING

Þjóðið nemendum uppá fjölbreytt val þegar kemur að staðsetningu í stofunni. Leyfið þeim að prófa sig áfram til að finna þann stað sem hentar best.

### SJÁ TILGANGINN

Nýtið það sem er í gangi í samfélaginu hverju sinni til að sýna fram á hvernig hægt er að nýta námið í daglegu lífi.

Ef nemendur sjá tilganginn með því sem þau eru að læra, og sjá það notað í daglegu starfi þá eru meiri líkur á að þau tileinki sér þekkinguna.

### HÆGJUM Á OKKUR

Hægið á ykkur og gefið ykkur tíma til að tala, spjalla, koma með dæmi og ekki hlaupa yfir efnið.

Takið pásur og leyfið nemendum að anda.

### FJÖLBREYTT VAL

Þjóðið nemendum uppá fjölbreytt val þegar kemur að náminu, t.d. umræðuhópa þar sem nemendur eru hvattir til að tala saman og hjálpast að.

# BEKKJARSTJÓRNUN

## SKÝRAR VÆNTINGAR ER GRUNDVALLARATRIÐI

### HVERS ER ÆTLAST?

Nemendur verða að vita hvers er ætlast til af þeim í öllum aðstæðum.

### ENDURTEKNING

Það þarf líklega að minna á væntingarnar daglega, þær geta verið misjafnar eftir faginu eða eftir verkefninu.

En alltaf mikilvægt að yfirfara þær og minna á.

### VÆNTINGAR NEMENDA

Það er mikilvægt að gerðar séu skýrar og sanngjarnar væntingar til hegðunar nemenda sem staðið er við.

### SÝNILEIKI

Það getur verið hentugt að hafa væntingarnar og viðeigandi afleiðingar sýnilegar svo hægt er að minna á þær reglulega.

### SAMVINNA

Gott er að fá nemendur með sér í lið og taka þátt í ferlinu.

Hugleiðið hugmyndir saman að væntingum um hegðun innan kennslustofunnar og hvað skal gera ef þessum væntingum er ekki mætt.

Með samvinnu fá nemendur að koma sínum skoðunum á framfæri, þeir upplifa sem kennarinn hlusti á þá og þá eru meiri líkur á að þeir fari eftir því sem ætlast er til.

# BEKKJARSTJÓRNUN

## VERKLAGS-VENJUR Í KENNSLUSTOFUNNI.

### BEKKJARVENJUR BEKKJARRÚTÍNA

Það er mikilvægt að hafa fáar og skýrar verklags-venjur í kennslustofunni sem auðvelt er að fylgja.

Einnig er gott fyrir kennara að hafa í huga daglega rúttíu dagsins og hvernig verklags-venjur eru í kringum hana.

### FÁ ÁLIT NEMENDA

Fáið álit nemendahópsins varðandi viðeigandi viðurlög við hegðun sem erfitt er að horfa fram hjá. Hvað vill hópurinn að sé gert?

### HVAÐ Á AÐ GERA?

Hvað á að gera þegar komið er inn í stofuna?

Hvernig viltu stjórna flæðinu inn og út úr kennslustofunni þinni?

Hvernig munt þú ná athygli nemendahópsins?

Hvernig mun nemendahópurinn ná athygli þinni?

Hvað gera nemendur ef þeir þurfa á klósettið?

Hvernig munu nemendur skila verkefnum?

Hvernig skiljum við, við stofuna í lok dags?

Hvernig ætlar þú að kveðja nemendur þína í lok dags?

### MIÐLA

Þó að kennara finnist verklags-venjurnar augljósar þá er mikilvægt að miðla þeim til nemendahópsins á skýran hátt.

### FASTAR VENJUR ENDURTEKNINGAR

Það er gott að bæði kenna og æfa þessar venjur snemma á skólaárinu og rifja þær markvisst upp.

Fastar venjur munu hjálpa nemendum að finna fyrir öryggi og draga úr truflunum.

# BEKKJARSTJÓRNUN

## JÁKVÆÐ SAMSKIPTI

Jákvæð samskipti milli kennara og nemenda gegna lykilhlutverki þegar kemur að hegðun nemenda í kennlustofunni.

Hrósið nemendum fyrir viðleitni, vinnusemi og framfarir.

## FORELDRASAMSKIPTI

Það er mikilvægt að vera í jákvæðum samskiptum við foreldra.

Upplýsið foreldra um allt það góða starf sem nemendahópurinn gerir, sendið einstaklings- og hóp hróspósta til foreldra en ekki einblína einungis á það neikvæða.

## VIÐMÓT SKAPAR VIÐMÓT.

### VIRÐING

Komið fram við nemendahópinn af virðingu.

Með því að búa til jákvætt og stuðningsríkt námsumhverfi í kennslustofunni mun það hafa jákvæð áhrif á hegðun nemenda.

### HEGÐUN & LÍÐAN

Aldrei taka hegðun nemenda persónulega, hafið í huga að þegar nemandi sýnir erfiða hegðun þá er líklega andleg vanlíðan á bakvið sem þarf að bregðast við.

## ÁHUGI

Hægt er að þróa jákvæð tengsl milli nemenda og kennara með því að sýna lífi þeirra áhuga.

## ÞOLINMÆÐI

Það er mikilvægt að kennarar sýni nemendum með krefjandi hegðun mikla þolinmæði.

Munið að anda áður en þið bregðist við.

Barnið er að prófa mörk ykkar og það skiptir máli að halda ró og vera góð fyrirmynd í samskiptum.